

## LÖG

### um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: eingreiddar örorkubætur almannatrygginga, sbr. 5. mgr. 34. gr. laga nr. 100/2007.

2. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna bætist: án frádráttar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. apríl 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Ragna Árnadóttir.*